

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 18. júní 2009 í máli nr. E-2488/2007:

M

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

K

(Helga Leifsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 25. maí 2009, var höfðað 1. nóvember 2007 af M á hendur K.

Dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að honum verði með dómi falin forsjá barnanna A, kt. [...], B, kt. [...], og C, kt. [...], til 18 ára aldurs þeirra. Í öðru lagi er þess krafist að kveðið verði á um inntak umgengnisréttar þess foreldris sem ekki fær forsjá barnanna samkvæmt nánari lýsingu í stefnu. Í þriðja lagi er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda einfalt meðlag með börnunum til 18 ára aldurs þeirra. Loks er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnda krefst þess að henni verði einni falin forsjá barnanna. Jafnframt er gerð krafa um að stefnandi greiði stefndu mánaðarlegt einfalt meðlag með börnunum frá dómsuppkvaðningu til 18 ára aldurs þeirra. Enn fremur er gerð krafa um að dómurinn kveði nánar á um inntak umgengnisréttar þess foreldris sem ekki fær forsjá barnanna. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

I.

Málsaðilar kynntust á árinu 1998 og gengu í hjónaband 7. júlí 2001. Aðilar eiga saman þrjú börn, A, f. 1999, B, f. 2000, og C, f. 2006. Fyrir átti stefnda barnið D, f. 1995.

Í stefnu segir um málsatvik að hjónaband málsaðila hafi gengið upp og ofan. Miklir fjárhagserfiðleikar og álag sem þeim fylgdu hafi sett strik í reikninginn sem og geðlægd stefndu, ábyrgðarleysi og sinnuleysi hennar gagnvart heimilishaldi og börnunum. Á þeim tíma sem A og B hafi fæðst hafi stefnandi unnið mikið, m.a. til að greiða upp skuldir sem fylgdu með stefndu í sambandið og til að fjármagna fasteignakaup. Um tíma hafi hann unnið úti á landi og því stundum verið frá heimilinu nokkra daga í senn. Umgengni stefndu hafi verið slæm og hún ekki sinnt þrifum og eldamennsku. Börnin hafi ekki fengið mat nema ef stefnandi eldaði og

hún yfirleitt verið farin í rúmið á undan börnunum. Talið hafi verið að stefnda hafi verið með fæðingarpunglyndi og hún fengið aðstoð geðhjúkrunarfræðings um tíma. Ástandið á heimilinu hafi verið orðið mjög slæmt og fjárhagur heimilisins ekki leyft að stefnandi minnkaði við sig vinnu.

Það hafi orðið úr snemma árs 2001 að A og B fluttu til móður stefnanda, E, að [...] í [...] og börnin dvalið hjá málsaðilum um helgar. Við fæðingu yngsta barnsins, C, hafi stefnda ákveðið að taka sér árs fæðingarorlof og það sett töluvert strik í reikninginn því fjárhagsstaða heimilisins hafi ekki verið góð og málsaðilar höfðu fest kaup á húsnæði að [...]. Stefnda hafi hins vegar veitt C litla athygli og þegar barnið hafi verið fimm mánaða hafi móðir stefnanda boðist til þess að taka barnið til sín og stefnda þá farið aftur út á vinnumarkaðinn.

Stefnandi kveðst hafa verið undir miklu vinnuálagi og hann farið að finna fyrir þunglyndi. Um þetta leyti hafi þjórneysla hans ágerst. Stefnandi segir að tvisvar hafi komið til átaka milli málsaðila. Hann hafi aldrei ráðist á stefndu, en þau hafi hins vegar slegist og í eitt skipti hafi stefnda brákað handarbein. Hinn 12. maí 2007 hafi stefnandi farið í áfengismeðferð. Hann hafi fylgt bata sínum vel eftir, m.a. með fundarsókn, og drekki ekki í dag.

Þá segir stefnandi að samskipti hans við fjölskyldu stefndu hafi verið stíð. Stefnda hafi stundum sjálf komist upp á kant við fjölskyldu sína, en stefnandi hafi þá reynt að stilla til friðar. Hafi móðir stefndu ásakað stefnanda um að hafa misnotað D kynferðislega.

Í greinargerð stefndu er atvikum lýst svo að í sambandi aðila hafi fljótlega farið að bera á skapbræði stefnanda og stjórnunaráráttu. Stefnandi hafi misnotað áfengi og farið að beita stefndu andlegu og líkamlegu ofbeldi. Drykkjuskapur og árásargirni stefnanda hafi sífellt farið vaxandi og bitnað á stefndu og börnum aðila. Þá hafi stefnandi haft horn í síðu fjölskyldu stefndu og algerlega tekið fyrir öll samskipti hennar og D, dóttur hennar, við foreldra stefndu. Einnig hafi stefnandi tekið fyrir öll samskipti stefndu við vinnufélaga og vini hennar.

Stefnda segir að stefnandi hafi oft þurft að skipta um vinnu sökum óreglu og drykkjuskapar. Skuldir heimilisins hafi hrannast upp, en stefnandi hafi eytt miklu fé til áfengiskaupa. Stefnandi hafi beitt stefndu miklu ofbeldi, bæði líkamlegu og andlegu, og oft að börnunum ásjáandi. Andlegt ástand stefndu hafi verið slæmt á tímabilum vegna ofbeldis stefnanda. Hún hafi verið mjög þunglynd og kvíðin. Þar sem skuldir heimilisins hafi verið mjög miklar hafi stefnandi skipað stefndu að fara strax að vinna eftir fæðingu barnanna. Stefnandi hafi þá komið börnunum fyrir hjá móður sinni á virkum dögum, en þau verið hjá málsaðilum um helgar. Tekin hafi verið öll ráð af stefndu varðandi börnin A og B. Stefnda og móðir stefnanda hafi þó átt góða samvinnu með börnin framan af.

Í gögnum málsins kemur fram að málsaðilar slitu samvistum í apríl 2007 og flutti stefnda í húsnæði á [...], en býr nú í leiguhúsnæði á [...]. Stefnda leitaði til sýslumanns 31. maí 2007 og óskaði skilnaðar frá stefnanda. Hún óskaði þess jafnframt að forsjá barnanna yrði sameiginleg en að lögheimili þeirra yrði hjá henni. Stefnandi samþykkti kröfu stefndu um skilnað að borði og sæng hjá sýslumanni 14. júní 2007, en óskaði þá eftir því að hann færi einn með forsjá barnanna.

Eftir að stefnandi höfðaði mál þetta um forsjá barnanna óskað hann eftir því með beiðni, dags. 6. nóvember 2007, að dómurinn úrskurðaði um forsjá barnanna til bráðabirgða, þannig að hann færi með forsjá þeirra meðan forsjármálið væri rekið. Þá setti stefnandi fram kröfu fyrir Héraðsdómi Suðurlands, með aðfararbeiðni, dags. 12. desember 2007, um að stefndu yrði gert að afhenda yngsta barn aðila, C, með beinni aðfarargerð. Stefnandi féll frá þessum beiðnum eftir að aðilar gerðu sátt fyrir Héraðsdómi Reykjaness 17. desember 2007 um forsjá og umgengni þar til niðurstaða fengist í ágreiningi aðila um endanlega forsjá.

Í sáttinni er kveðið á um að aðilar fari áfram með sameiginlega forsjá barnanna. Lögheimili C verði bæði hjá föður og móður. Þá er í sáttinni kveðið á um umgengni aðila og barnanna um jól og áramót, auk reglulegra samvista stefndu við A og B eftir skóla á föstudegi til sunnudags. Samvistir stefndu við C verði frá föstudegi til föstudags aðra hverja viku. Jafnframt dvelji A og B hjá móður í fríum frá skóla.

Af hálfu aðila hafa verið lögð fram fjölmörg gögn vegna barnanna og aðila sjálfra, m.a. frá skólafyrirvöldum og barnaverndaryfirvöldum, læknisvottorð, skýrslur sálfræðinga og annarra sérfræðinga, og tölvuskeyti lögmanna vegna ásakana stefndu um að stefnandi hafi brotið sátt aðila um umgengni hennar við börnin. Þá hefur verið lagt fram bréf ríkissaksóknara, dags. 6. febrúar 2002, þar sem fram kemur að mál vegna meintra kynferðisbrota stefnanda gagnvart D hafi verið fellt niður. Einnig liggur fyrir bréf frá fjölskyldumiðstöð sveitarfélagsins [...], dags. 11. janúar 2008, til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur að barnaverndarnefnd hafi borist tilkynning hinn 12. desember 2007 um meinta kynferðislega misnotkun stefnanda á D. Þá liggja fyrir minnispunktar Barnahúss, dags. 22. janúar 2009, vegna rannsóknarviðtals við A, dóttur aðila, vegna meints kynferðislegs ofbeldis. Málinu er lokið af hálfu Barnahúss. Jafnframt er í gögnum málsins lögregluskýrsla vegna kæru stefndu á hendur stefnanda hinn 28. apríl 2008 fyrir meint heimilisofbeldi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu framangreindra mála hjá lögreglu.

Meðan á rekstri máls þessa hefur staðið var einnig rekið mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur stefndu vegna kröfu stefnanda um afhendingu barnanna með beinni aðfarargerð, dags. 12. desember 2008. Áður en til málflutnings kom í því máli afhenti stefnda börnin til stefnanda. Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 29. janúar 2009 var stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað.

Við aðalmeðferð máls þess sem hér er til úrlausnar gáfu aðilar málsins skýrslu, auk þess sem matsmenn staðfestu matsgerðir sínar fyrir dóminum og gerðu grein fyrir einstökum atriðum varðandi matið. Auk þeirra gáfu skýrslu Sólrún Ósk Lárusdóttir og Anný Ingimarsdóttir, starfsmenn félagsþjónustu [...], og móðir stefnanda, E.

II.

Hinn 17. desember 2007 var dómkvaddur sálfræðingurinn Gunnar Hrafn Birgisson til að framkvæma matsgerð vegna deilu málsaðila um forsjá barnanna. Í matsgerð hans, dags. 27. mars 2008, er rakin saga málsaðila og ýmislegt annað þeim tengt, sálfræðipróf sem lögð voru fyrir aðila og börnin, og greint frá viðtölum við börnin og móður stefnanda.

Í niðurstöðum matsmannsins kemur fram að börnin séu tengd báðum foreldrum sínum jákvæðum tilfinningaböndum. Tvö eldri börnin hafi alist að mestu upp hjá föðurömmu sinni og óski ekki eftir breytingu á því. C sé tengdur báðum foreldrum jákvæðum tilfinningaböndum og leiti til þeirra með svipuðum hætti þannig að matsmaður hafi ekki forsendur til að greina þar á milli. C sé einnig tengdur föðurömmu sinni og leiti til hennar líkt og foreldra sinna. Frá áramótunum 2007/2008 hafi móðir barnanna verið með C vikulega til jafns við föðurömmu og föður. Hvað varðar tengsl A við foreldra sína segir að hún leiti helst til föðurömmu um aðstoð, enda hafi hún alist upp hjá henni. Stúlkan vilji eiga sitt aðalheimili hjá föðurömmu og föður. Þá vilji hún búa með systkinum sínum og fara í umgengni til móður. Í matsgerðinni kemur einnig fram að B njóti meðferðar vegna frávika í hreyfiproska og vitsmunaproska. Hann hafi m.a. greinst með ofvirkni, athyglisbrest og mótþrógirni. Föðuraamma hafi sinnt honum vel og faðir hafi menntað sig og þjálfað til að sinna honum betur. Drengurinn hafi fengið viðeigandi aðstoð og stuðning sem virðist bera verulegan árangur. B virðist tengjast föður ívið meiri tilfinningaböndum en móður. B kvarti aðeins yfir því að hann hafi ekki nóg að gera hjá móður sinni. Vísbendingar séu um að hann hafi ekki ennþá aðlagast núverandi umgengnisfyrirkomulagi og trúlega trufli spennuástandið milli foreldranna drenginn tilfinningalega. Þá segir að B líði vel hjá föðurömmu sinni.

Um persónulega eiginleika aðila segir í matsgerðinni að svarmynstur stefnanda hafi verið innan eðlilegra marka og gefi ekki vísbendingar um geðveiki eða persónuleikaröskun. Hann mælist með greind og sjálfsstyrk í meðallagi, sé stöðuglyndur og þýðlyndur. Hann hafi sveinspróf í rafvirkjun og sérnám í vélvirkjun. Hann hafi starfað til sjós og lands í tengslum við fag sitt og starfi nú hjá fyrirtæki sem sjái um sölu og viðhald á lyftum og rennistigum. Hann eigi áralanga sögu um áfengismisnotkun og hafi misnotað áfengi til að deyfa vanlíðan sína þegar hann sé undir álagi, en hann hafi farið í áfengismeðferð í mars 2007 og haldið sér edrú að því er virðist í rúmt ár. Matsmaður telur, í ljósi þess hversu stuttur tími hafi verið liðinn frá því meðferð lauk, töluverða óvissu um það hvort meðferð haldi. Að mati matsmanns hafi stefnandi tekið sig verulega á í að byggja sig upp og halda sér edrú, lært að sinna börnunum betur og vera til staðar fyrir þau. Telur matsmaður stefnanda hæfan til að fara með forsjá barnanna.

Þá segir í matsgerðinni að niðurstöður gefi trúverðuga mynd af stefndu. Hún hafi alist upp við óreglu á heimili, þó ekki við áfengis- og vímuefnaneyslu, og verið um tíma í sveitavist á vegum barnaverndar. Eftir barnaskóla hafi hún unnið verkamannastörf og starfi nú við þrif og heimaþjónustu fyrir aldraða. Hún hafi byrjað í sjúkraliðanámi og hafi í hyggju að klára það. Stefnda hafi lýst því að hún hafi orðið fyrir einelti í skóla og kynferðismisnotkun af eldri mönnum. Að hluta til vegna þessarar reynslu eigi hún erfitt með að treysta öðrum og hafi að mestu reynt að vinna úr sínum málum sjálf, með misjöfnum árangri. Stefnda eigi sögu um þunglyndi og hafi á tímabilum fengið lyf við því. Niðurstöður athugunar bendi til geðlægdar hjá henni, sveiflna í líðan og sálvefrænna einkenna. Hún mælist með greind undir meðallagi, hafi lágan sjálfsstyrk og verði taugaóstyrk undir álagi. Sem ungmenni hafi hún drukkið mikið áfengi um helgar, en hætt því og hafi um árabíl drukkið sjaldan og í hófi. Matsmaður telur að stefnda muni á næstu árum hafa mikið að gera við að sinna D, dóttur sinni, sem virðist þurfa mikinn stuðning og aðhald, en gögn sýni að stúlkan hafi verið vansæl og átt við hegðunarvanda, tilfinningalegt ójafnvægi og félagslega erfiðleika að stríða. Þar við bætist málið um

meinta kynferðisáreitni. Telur matsmaður vafasamt að auk ábyrgðar sinnar á D ráði stefnda við að hafa fulla forsjá barnanna þriggja nema að til komi mikill félagslegur stuðningur.

Hvað varðar óskir barnanna, systkinahóp, kyn og aldur, segir matsmaður að óskir A séu skýrar og hún vilji aðallega búa hjá föðurömmu og föður og geta heimsótt móður. B sé einnig sáttur með núverandi fyrirkomulag á umgengni og komi ekki fram með óskir um breytingar á því. C sé of ungur til að setja fram eigin óskir í þessu efni. Þá segir matsmaður að sterk tengsl séu milli barnanna innbyrðis, þau hafi gott af því að vera mikið saman og njóta samvista hvert við annað. Einnig sé mikilvægt að þau haldi góðum tengslum við D, hálsystur sína.

Jafnframt segir í matsgerðinni að stefnandi búi hjá móður sinni þar sem tvö eldri börnin hafi alist upp og aðstaðan sé góð. Stefnda búi í leiguíbúð á [...] þar sem hún hafi skapað börnunum ágæta aðstöðu. Tvö eldri börnin myndu finna talsvert fyrir því ef breyting yrði á umhverfi þeirra þannig að aðalheimili þeirra flyttist til [...], en yngri drengurinn fyndi minna fyrir því. Með þessu væri ekki sagt að eldri börnin gætu ekki aðlagast því að skipta um umhverfi en að mati matsmanns yrði það ekki auðveld aðlögun fyrir þau. Vegna sérþarfa B ætti hann trúlega erfiðara með aðlögun heldur en A.

Matsmaður telur æskilegt að miða umgengni við aðra hverja helgi og að börnin þrjú verði höfð saman. Hvernig sem forsjármálið fari sé mikilvægt að börnin fái að umgangast föðurömmu sína.

Í matsgerðinni er að lokum rakið að stefnandi hafi ásakað stefndu um að vanrækja börnin og gefa þeim ekki nóg að borða. Þá hafi stefnda sakað stefnanda um að beita hana andlegu og líkamlegu ofbeldi og gert sig líklegan til að beita hana kynferðislegu ofbeldi. Þá hafi D, dóttir stefndu, sakað stefnanda nú í annað sinn um kynferðisáreitni, en stefnda sé óviss um að stúlkan segi satt og stefnandi segir ásanirnar falskar og hann taki þær mjög nærri sér. Þetta mál sé nú til athugunar í réttarkerfinu og það auki á spennu í samskiptum aðila. Jafnframt er fjallað um það að eftir sambandslit aðila hafi risið ágreiningur um umgengni barnanna og að aðilar hafi svo gert dómsátt um umgengni meðan málið sé rekið fyrir dómi.

III.

Hinn 27. október 2008 voru dómkvaddir tveir yfirmatsmenn, sálfræðingarnir Ágústa Gunnarsdóttir og Sjöfn Ágústsdóttir, og liggur fyrir ítarleg matsgerð þeirra, dags. 24. febrúar 2009.

Í samantekt og niðurstöðum yfirmatsmanna kemur fram að faðir sé búsettur með börnin hjá aldraðri móður sinni, sem hafi veitt honum mikinn stuðning og tekið mikla ábyrgð sjálf á uppeldi barnanna. Tvö eldri börnin hafi alist upp að mestu leyti hjá henni frá unga aldri áður en til sambandslita kom. Eftir sambandslitin hafi faðir flutt inn á heimili hennar þar sem börnin voru fyrir. Yngsta barnið fari síðan að vera á heimilinu eftir að samkomulag náðist milli foreldra um umgengni fyrir u.þ.b. ári síðan. Drengurinn sé í viku hjá föður og viku hjá móður. Þegar hann sé hjá föður fari hann í leikskóla. Faðir sé í fastri vinnu með sveigjanlegan vinnutíma og hafi ágætær tekjur. Hann skuldi töluvert en sé ekki í vanskilum. Húsnæðið sé rúmgott, snyrtilegt og í barnvænu umhverfi nálægt skóla og leikskóla barnanna.

Faðir hafi farið í áfengismeðferð í maí 2007 strax eftir sambandsslitin og sækji AA-fundi af og til. Í beiðni um dómkvaðningu yfirmatsmanna komi fram að móðir telur að faðir hafi átt við langvarandi drykkjuvandamál að stríða. Ef svo væri sé líklegt að þess yrði vart á ýmsum mikilvægum sviðum í lífi fjölskyldunnar, en faðir stundi vinnu, sinni vel fjölbreyttu tómstundastarfi barnanna, hafi yfirsýn yfir fjármálin og reglusemi sé í lífi barnanna þegar þau séu hjá honum. Móðir hans vitni um reglusemi hans.

Móðir hafi frá því í lok desember 2008 leigt rúmgott einbýlishús á [...] í barnvænu og rólegu umhverfi. Á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru frá sambandsslitunum hafi móðir oft skipt um húsnaði. Hún hafi stopult verið í vinnu og verið á endurhæfingarlífeyri síðan fyrri hluta síðasta árs. Hjá móður búi dóttir hennar á unglingsaldri og dvelji yngsta barnið hjá henni aðra hverja viku. Móðir hafi litla yfirsýn yfir fjármál sín, skuldi mikið og stór hluti af því sé í vanskilum. Félagshjónustan hafi boðið móður fjármálaráðgjöf og stutt við bakið á henni.

Niðurstöður persónuleikaprófs bendi ekki til geðrænna vandamála hjá foreldrunum. Svarmynstur föður bendi til að hann hafi leitast við að sýna sig í jákvæðu ljósi sem ekki sé óalgengt að foreldrar geri sem taki persónuleikapróf við þessar aðstæður. Niðurstöður bendi til þess að hann gæti afneitað vanda sem tengist áfengisneyslu. Sjálfsmynd hans virðist jákvæð út á við en hann virðist hafa ýmsar efasemdir um sjálfan sig. Hann hafi tilhneigingu til að fylgja öðrum, fremur en að taka af skarið, og vilji gera öðrum til geðs. Hann virðist ekki upplifa mikla streitu í umhverfi sínu og meti sig hafa góðan félagslegan stuðning. Svarmynstur móður bendi ekki til að hún hafi reynt að sýna sig í jákvæðu ljósi. Hún upplifi álag og erfiðar aðstæður og hún finni fyrir lítilsháttar kvíða og streitu. Sjálfsmynd hennar sé breytileg, hún geti verið svartsýn og haft sjálfsefa og svo komi tímabil þar sem hún sé tiltölulega sjálfsörugg og sátt. Á álagstímum hætti henni til sjálfsgagnrýni og óákveðni. Í samskiptum sé hún hæversk, blátt áfram og hæglát. Hún sé sennilega atkvæðalítill og hafi sig lítið í frammi.

Niðurstöður tengslaprófs (PSRI) sýni að sá stuðningur sem foreldrar telja sig hafa í foreldrahlutverkinu sé í meðallagi. Þau lýsi bæði mikilli ánægju með foreldrahlutverkið. Móðir telji sig ekki verja miklum tíma með börnunum og finnst hún ekki geta fylgst með viðfangsefnum þeirra. Skor föður á þessum kvarða sé hærra en móður en hann telji sig samt ekki verja nægilega miklum tíma með börnunum. Þetta endurspeglar væntanlega þá staðreynd að börnin séu ekki hjá foreldrum að staðaldri. Móður finnst hún ekki vera í góðu sambandi við börnin og finnst þau ekki leita eðlilega til sín en faðir telji sig í góðu sambandi við börnin. Bæði telji sig geta sett börnunum eðlileg mörk í uppeldinu. Móðir sé tilbúin að stuðla að sjálfstæði barnanna meðan faðir eigi erfiðara með að sleppa af þeim hendinni og hafi meiri áhyggjur af þeim. Þau virðast bæði hafa þá afstöðu að foreldrar eigi að deila ábyrgð sinni við uppeldi barnanna

Á prófi sem meti álag í foreldrahlutverkinu gagnvart erfiðasta barninu, B, lýsi báðir foreldrar streitu í lífi sínu, en móðir þó í mun meira mæli. Niðurstöður móður bendi til þess að hún hafi ekki nægilegt innsæi í vanda drengsins og upplifi ekki samskiptin við drenginn á jákvæðan hátt. Henni finnst hann hafna sér, sem geri henni mjög erfitt fyrir í foreldrahlutverkinu og auki á streituna. Niðurstöður föður bendi til þess að hann hafi ágætt innsæi í vanda drengsins og upplifi samskiptin við drenginn á mun jákvæðari hátt en móðir. Báðir foreldrar lýsi mikilli vanlíðan

drengsins. Móður finnst barnið ekki krefjandi sem gæti bent til þess að barnið leiti ekki til hennar. Svör móður á nokkrum kvörðum þessa prófs bendi til slakra geðtengsla móður og drengs. Svarmynstur föður bendi til sterkari geðtengsla við drenginn. Móðir upplifi mikla gagnrýni á foreldrahæfni sína frá föður. Þessi upplifun komi ekki fram hjá föður. Niðurstöður bendi til að móðir eigi mun erfiðara en faðir að standa undir ábyrgðinni af foreldrahlutverkinu og finni fyrir vanmætti sínum.

Faðir sækist eftir forsjá barnanna þar sem hann telji sig hæfari og hafa betri tök á að sinna þörfum barnanna. Hann hafi öruggt húsnæði, góða tekjumöguleika og muni styðja börnin til menntunar. Hann telur sig fullkomlega hæfan til að annast börnin jafnvel þótt móður hans nyti ekki við en eldri börnin hafa búið hjá móður hans frá unga aldri og hún alið önn fyrir þeim. Þetta fyrirkomulag hafi verið með samþykki foreldranna. Faðir njóti mikils stuðnings móður sinnar við uppeldi barnanna. Faðir hafi aflað sér fræðslu um uppeldismál, leggur mikið upp úr föstum ramma og að halda góðu sambandi við skólann. Fáir móðir forsjána óttast hann að hún geti ekki séð fyrir þörfum þeirra, m.a. vegna fjárhagslegra aðstæðna sinna og sinnuleysis hvað varðar ýmsar sérþarfir barnanna. Einnig óttast hann um öryggi barnanna þegar þau eru hjá móður sinni og að hún veiti þeim ekki þann ramma og aðhald sem þau þurfi. Hann segist munu hugsa vel um börnin og hafa reglusemi í því sem þeim viðkemur.

Móðir sækist eftir forsjá barnanna þar sem hún hefur áhyggjur af því að faðir neyti enn áfengis og að börnin þurfi að horfa upp á harðræði hans en hún heldur því fram að hann beiti ömmu þeirra ofbeldi. Hún hafi gaman af að vera með börnunum sínum, geti gefið þeim mikla hlýju og hún elski þau. Hún segir mikilvægt fyrir sig að vera með börnunum og vita hvað þau aðhafist. Móðir fái stuðning við uppeldið hjá félagsráðgjafa, geðhjúkrunarfræðingi og systur sinni sem búi í nágrenninu. Móðir hafi aflað sér fræðslu um uppeldismál á netinu og farið á eitt námskeið um ADHD. Hún leggi áherslu á að börnin hafi verkefni heima og að þau fái umbun fyrir að ljúka verkefnum. Móðir meti það svo að hún hafi verið of eftirgefanleg við börnin en sé að reyna að breyta því. Fáir faðir forsjána segist hún verða að sætta sig við það. Hún hafi ekki mikla trú á að faðir fái forsjána þar sem áverkavottorð vegna áverka á henni liggi fyrir.

Báðir foreldrar telji að það sé erfitt fyrir yngsta barnið að vera í umgengni viku í senn hjá hvoru foreldri. Þá sé hann í leikskóla aðeins aðra vikuna og sé ljóst að þetta fyrirkomulag mun tæplega ganga upp þegar hann kemst á skólaaldur þar sem foreldrar séu búsettir í sitt hvoru sveitarfélaginu.

Bakgrunnur foreldranna sé mjög ólíkur. Faðir hafi alist upp við mikið öryggi og móðir hans verið heimavinnandi fram til þess tíma að faðir hans lést er hann var 16 ára gamall. Hann sé fæddur og uppallinn í húsinu þar sem hann búi núna. Móðir hafi alist upp við erfiðar heimilisaðstæður, m.a. þar sem móðir hennar hafi glímt við þunglyndi. Hún hafi endurtekið verið vistuð á fósturheimilum og segist sjálf hafa farið á mis við reglusemi og umhyggju foreldra. Einnig hafi hún verið misnotuð kynferðislega sem barn. Hún hafi eignast sitt fyrsta barn 16 ára gömul og 19 ára kynnist hún M og flytji strax inn til hans eftir að þau kynntust. Hún hafi laðast að hlýjunni og örygginu sem M hafi veitt henni.

Það er mat matsmanna að faðir hafi betra innsæi í þarfir barnanna og finnst vanta upp á að móðir horfi á málin út frá þörfum og hagsmunum barnanna og virðist frekar sjá hlutina út frá sínum þörfum og löngunum. Sem dæmi nefna matsmenn að fram komi hjá móður að hún vilji að börnin verði vistuð hjá hlutlausum aðila þar til forsjármálið er leitt til lykta svo ekki verði hægt að hafa áhrif á skoðanir þeirra. Móðir virðist ekki geta séð samhengi á milli atburðanna í janúar, sem enduðu með því að börnin fóru á vistheimili, og þess viðmóts sem eldri börnin hafa sýnt henni nýverið er þau neita að fara í umgengni til hennar. Fram hafi komið hjá móður barnslegur metingur um tíma með börnunum og henni finnist faðir t.d. hafa fengið meiri tíma en hún með börnum á vistheimilinu. Móðir hafi lítið komið að uppeldi eldri barnanna í gegnum tíðina þar sem þau hafi alist upp hjá föðurömmu sinni og eðlilega hafi þau myndað sterkustu geðtengslin við hana. Móðir tali um að börnin séu mjög óróleg og vanstillt í umgengninni hjá sér og það geti tekið hana 2-3 daga að ná þeim niður. Hún túlki þetta þannig að eitthvað sé að heima hjá föður og að börnin séu mötuð á neikvæðni gagnvart sér. Móðir hafi lítið fylgst með árangri barnanna í skóla en nýverið gert ráðstafanir til að breyta því.

Hvað varðar óskir barnanna segir í yfirmatsgerð að ekki hafi verið hægt að meta óskir yngsta barnsins sökum ungs aldurs. Óskir eldri barnanna tveggja séu mjög ótvíræðar, þau vilji bæði búa hjá ömmu sinni og föður. Þessi einbeitti vilji þeirra hafi komið fram ítrekað og ekkert bendi til að reynt hafi verið að hafa áhrif á vilja þeirra. Frásagnir kennara og skólustjóra beri um þetta vitni, þau segi þetta sjálf og sýni með hegðun sinni. Fram komi sérlega sterk geðtengsl eldri barnanna við ömmu sína, enda hafi hún búið þeim öryggi, skjól og hlýju.

Samkvæmt matslistum komi fram vanlíðan og kvíði hjá börnunum. Foreldrar og skólafólk greini einnig frá vanlíðan barnanna. Þessi vanlíðan gæti tengst óvissu um framtíð sína og því sem börnin hafa þurft að ganga í gegnum. Börnin treysti ekki móður sinni, segja hana ljúga og að hún hugi ekki nægilega vel að öryggi yngsta barnsins. Börnin vilji ekki fara í umgengni til móður sinnar þar sem þau treysti því ekki að þau fái að fara til baka. Stúlkan hafi sagt við matsmenn að sér lítist illa á að fara aftur til mömmu sinnar. Ekki vegna þess að henni líði illa hjá henni, heldur vegna þess að hún óttist að fá ekki að fara heim aftur. Drengurinn segi að sér líði ekki vel hjá mömmu sinni og hann sé mjög einbeittur í afstöðu sinni að vilja ekki fara til hennar. Þau tali bæði um að það sé erfitt að sofna þegar þau séu í burtu frá heimili sínu og lýsi annarri vanlíðan. Öryggið sem þau finni á heimili ömmu sinnar og föður virðist raskast verulega þegar þau fari til móður sinnar og þau upplifi að hún verndi þau ekki. Drengurinn hafi grátið í skólanum þegar hann sagði frá því að móðir hans hefði haft litla bróður hans óvarinn í framsæti bílsins.

Þá segir að systkinin virðist nán og eldri systkinin beri umhyggju fyrir því yngsta. Því sé mikilvægt að systkinin fái að alast upp saman og njóta áfram þess öryggis sem þau hafi fengið á heimili sínu. Það megi búast við að það geti tekið börnin langan tíma að komast yfir áfallið sem þau hafi orðið fyrir vegna atburðanna sem fylgdu því að móðir skilaði þeim ekki úr umgengni í janúar sl.

Það sé ljóst að verði forsjáin flutt alfarið yfir til móður mundi það þýða verulegar breytingar á flestum sviðum í lífi barnanna. Börnin þyrftu væntanlega að flytja úr því örugga umhverfi sem þau hafi búið í megnið af ævi sinni, félagslega hefði það mikil áhrif þar sem þau yrðu fjarri skólafélögum sínum. Þau þyrftu að

aðlagast nýju skóla- og tómsundaumhverfi. Þau yrðu fjarri ömmu sinni, þeirri manneskju sem alla tíð hafi veitt þeim öryggi og skjól. Það er mat matsmanna að sterkustu geðtengsl eldri barnanna séu við föðurömmu sína. Samkvæmt upplýsingum frá skóla sé hugsað mjög vel um börnin. Kennarar sem telji sig þekkja B mjög vel taki fram að festa og reglusemi sé honum mikilvæg þar sem hann sé mjög viðkvæmur fyrir öllum breytingum á umhverfi sínu.

Þá segir í yfirmatsgerðinni að barnaverndaryfirvöld [...] hafi farið fram á lögreglurannsókn vegna meintrar kynferðislegrar áreitni stefnanda gagnvart D, elstu dóttur K, meðan á sambúð þeirra stóð. Þessi kæra hafi komið fram rúmlega hálfu ári eftir sambúðarslitin. Stefnanda hafi lagt fram kæru vegna meints heimilisofbeldis af hendi stefnanda á meðan á sambúð þeirra stóð. Einnig hafi hún tekið fram að börnin væru að beita hana ofbeldi. Kærana leggi hún fram ári eftir að hún fer af heimilinu. Barnavernd [...] hafi tekið viðtal við A og B. Bæði börnin hafi neitað því að hafa orðið fyrir ofbeldi eða harðræði eða upplifað slíkt á heimili föður. Ofangreindar kærur séu í höndum videigandi yfirvalda. Í janúar 2009 hafi stefnanda kyrrsett börnin hjá sér og hún sagt að börnin hefðu tjáð sér að þau hefðu orðið fyrir ofbeldi á heimili föður, að hann hefði áreitt A kynferðislega, að þau vilji ekki fara til hans og hann sé farinn að misnota aftur áfengi. Þegar rætt hafi verið við börnin hafi komið í ljós að þetta væri ekki rétt, börnin hafi viljað fara aftur heim til föður síns og þau hefðu aldrei orðið fyrir ofbeldi heima fyrir. Tekið hafi verið viðtal við A í Barnahúsi þar sem fram hafi komið að enginn hefði áreitt hana kynferðislega og hún sagt mömmu sína segja ósatt. Í viðtölum við matsmenn hafi börnin áréttað að þau hefðu ekki orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu. Í könnun máls Barnaverndar [...] frá 13. janúar 2009 komi upplýsingar frá skóla þar sem B greini ítrekað frá því að hann vilji ekki fara til móður sinnar, segi móður sína hafa lagt á sig hendur og einnig kærasti hennar. Einnig tali hann um að D, systir hans, meiði hann og A. Jafnframt hafi hann fyrir jólin í skólanum greint frá miklum kvíða fyrir jólafríinu og því að þurfa að fara til móður

IV.

Stefnandi byggir málaltilbúnað sinn á því að það sé börnunum fyrir bestu að honum verði falin forsjá þeirra, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Stefnandi kveðst hafa efasemdir um forsjárhæfni stefndu og það að hún hafi fjárhagslega eða andlega burði til þess að hugsa um börnin þrjú auk eldri dóttur sinnar D. Bæði B og D eigi við sértæka erfiðleika að stríða og þau þurfi bæði mikinn stuðning og aðhald í uppvextinum. Því miður sé félagsleg og námsleg staða D ekki nógu góð, hún mæti illa í skóla og fái ekki aðstoð við heimanám. Miðað við þá reynslu sem stefnandi hafi af uppeldishæfileikum stefndu telur stefnandi hana ekki hafa burði til þess að ala upp barn með jafn sértæka erfiðleika og B sé með.

Stefnandi byggir á því að hann sé hæfari en stefnda til þess að fara með forsjá barnanna. Tengsl stefnanda við börnin séu mikil og sterk. Hann hafi haft umsjá þeirra allt sumarið 2007 og að mestu búið á heimili móður sinnar ásamt börnunum. Tvö eldri börnin hafi sterkust tengsl við móður stefnanda, enda hafi þau alist upp hjá henni. Verði stefndu dæmd forsjá þeirra muni þau tengsl rofna. Þá hefði það í för með sér að börnin þyrftu að skipta um skóla og umhverfi, en stefnda hafi flutt til [...]. Þar þekki börnin ekki til og stefnandi telur að það myndi reynast börnunum

báðum, en sérstaklega B, mjög erfitt að skipta um skóla og flytja frá ömmu sinni.

Stefnandi segir að hann hafi áhyggjur af því að stefnda geti ekki séð börnum þeirra farborða, en hún hafi hjúskapartíma þeirra sýnt mikla óráðsú með fjármuni. Fasteign þeirra og þau persónulega hafi verið mjög skuldsett og óvíst hvort söluandvirði fasteignar þeirra nægi til þess að greiða upp allar skuldir.

Stefnandi lýsir því að hann sé iðnmenntaður vélvirki, vélstjóri og rafvirki og sé í góðri vinnu. Stefnandi hafi kost á fríu húsnæði hjá móður sinni, meðan hann safni fyrir útborgun fyrir fasteign. Húsnæði móður hans sé rúmgóð fimm herbergja íbúð og þar eigi börnin sín herbergi. A æfi fótbolta með [...] og B sé í leikfimi tvisvar í viku hjá [...] ásamt öðrum börnum sem eigi við svipuð hegðunarvandamál að stríða og hann. Stefnandi mæti með honum í þessa tíma og fylgist með. Þá sækji stefnandi B í skóla hvern dag, þar sem hann skili sér ekki sjálfur heim.

Stefnandi hafi lokið áfengismeðferð sumarið 2007, en hann hafi talið það nauðsynlegt þar sem hann vilji axla sínar skyldur sem foreldri, nú eftir að aðilar ákváðu að slíta hjónabandi sínu. Stefnandi kveðst gera sér grein fyrir því að móðir sín hafi ekki þá orku eða líkamlegt atgervi sem þurfi til þess að hugsa um börnin eins og hún hafi gert og hafi stefnandi því smátt og smátt verið að taka yfir umsjón þeirra eftir samvistarslit aðila. Stefnandi hafi gott bakland, móður sína, en þrátt fyrir aldur hennar hafi hún sýnt mikla ósérhlífni og atorku þegar komi að börnunum þremur.

Stefnandi telur stefndu ekki búa við jafn gott stuðningsnet og hann. Stefnandi telur fjölskyldu stefndu ekki í stakk búna eða færa um að aðstoða hana, né séu heimilisaðstæður þeirra æskilegar fyrir svo ung börn.

Að mati stefnanda er nauðsynlegt að dómurinn kveði á um meðlag og inntak umgengnisréttar, sbr. 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Verði stefnanda dæmd forsjá barnanna muni hann stuðla að eðlilegri umgengni þeirra við stefndu. Fer stefnandi fram á að umgengni barnanna og stefndu verði samkvæmt því sem að neðan greinir, verði fallist á kröfu hans um forsjá barnanna í hans höndum. Stefnandi setur hins vegar það skilyrði að stefnda hafi húsnæði og aðstæður til að taka börnin til sín áður en að næturgistingu verður.

1. Regluleg umgengni verði frá föstudegi til sunnudags aðra hverja helgi. Stefnda sækji börnin í skóla/leikskóla og skili börnunum á heimili þeirra kl. 19 á sunnudagskvöldi.
2. Umgengni um jól og áramót skiptist þannig að börnin dvelji ávallt hjá stefnanda á aðfangadag en hjá stefndu frá kl. 12 á jóladag til kl. 20.00 annars dags jóla. Annað hvert ár dvelji börnin á gamlárskvöld hjá stefndu, frá kl. 12.00 til kl. 12.00 á nýársdag, fyrst árið 2007. Það ár sem stefnda hafi börnin ekki á gamlárskvöld hafi hún umgengni á nýársdag frá kl. 12.00 til kl. 20.00 að kvöldi 2. janúar.

3. Börnin dvelji hjá stefndu aðra hverja páska frá miðvikudegi fyrir skírdag til kvölds annars dags páska, fyrst páska 2008.

4. Börnin dvelji í a.m.k. fjórar vikur samfleytt hvert sumar hjá stefndu. Stefnda skuli fyrir 1. apríl ár hvert láta stefnanda vita hvaða tími henti best til sumarleyfis og fyrir 1. maí ár hvert skuli aðilar hafa ákveðið sumarleyfi barnanna með hvoru foreldri fyrir sig. Verði ágreiningur um tímasetningu sumarumgengni eigi stefnandi fyrsta val annað árið en stefnda hitt árið. Regluleg umgengni stefndu og barnanna falli niður meðan þau eru í fjögurra vikna sumarleyfi með stefnanda.

Málkostnaðarkrafa stefnanda er byggð á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, aðallega 130. gr. Krafa um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málflutningsþóknunar er byggð á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé honum því nauðsynlegt að fá kostnað vegna skattsins tildæmdan úr hendi stefndu.

V.

Stefnda byggir á því að það séu hagsmunir barnanna að hún fái forsjá þeirra, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Stefnda hafi annast börnin frá fæðingu þeirra, en rík og nán tengsl séu á milli stefndu og barnanna. Stefnda, sem telur sig góðan uppalanda, geti veitt börnunum ástúð, öryggi og festu í uppeldi þeirra og geti búið þeim gott heimili, í rúmgóðri íbúð á barnvænum stað á [...]. Hagsmunir barnanna krefjist þess að þau búi á heimili stefndu, sem hafi í för með sér litla röskun á högum þeirra þar sem þeim líði vel. Stefnda hafi gert allt sem í valdi hennar standi til að mæta þörfum barnanna. Allar ytri aðstæður stefndu séu mjög góðar. Hún hafi í hyggju að fá sér fast starf á [...] og geti hún veitt börnunum efnahagslegt öryggi og örugga framtíð. Stefnda hafi og muni vinna sína dagvinnu sem muni ekki að neinu leyti koma niður á umönnun barnanna. Stefnda njóti einnig og muni njóta áfram góðs liðsinnis vandamanna sinna, sérstaklega móðursystur og manns hennar, sem búi á [...]. Einnig njóti hún liðsinnis móður sinnar og föður, sem búi í [...] og systur sinnar sem búi á [...].

Stefnda telur sig hæfa til þess að fara með forsjána, en aðstæður stefnanda séu mun verri en hennar. Fjárhagsstaða hans sé ótrygg svo og búseta, en hann búi tímabundið hjá móður sinni. Geti stefnda ekki séð hvernig stefnandi ætli sér einn að sjá um uppeldi þriggja barna. Móðir hans sé háöldruð og veikburða. B sé í grunnskóla og eigi við mikla náms- og hegðunarörðugleika að stríða, sem jafnframt útheimti mikinn stuðning og aðhald. Væntingar og mat stefnanda á stöðu sinni séu því óraunhæfar að mati stefndu.

Stefnda telur að stefnandi hafi sýnt óbilgirni í garð hennar varðandi tilhögun forsjár. Strax við skilnaðinn hafi stefnandi reynt að gera stefndu sem erfiðast fyrir. Hann hafi refsað henni fyrir að vilja ekki búa með honum áfram með því að koma algjörlega í veg fyrir allt samband stefndu við börnin. Stefnda hafi ítrekað reynt að eiga samvinnu við stefnanda um eðlilegar samvistir við börnin, en á slíkt hafi hann ekki viljað hlusta. Hafi hann einungis leyft stefndu að hitta börnin undir hans eftirliti inni á heimili ömmu barnanna.

Stefnandi hafi gert allt sem í valdi hans stendur til að eyðileggja samband stefndu og barnanna. Þrátt fyrir að meginreglan sé að foreldrar fari með sameiginlega forsjá í langflestum tilvikum sé nauðsynlegt sökum ofbeldishneigðar og óreglu stefnanda að stefnda fari ein með forsjá barnanna. Einnig hafi stefnandi sýnt af sér tillitsleysi að mati stefndu varðandi fjárskiptin, svo og skort á skilningi á þörfum barnanna.

Stefnda byggir á því að hún sé hæfari forsjáraðili en stefnandi og börnin séu auk þess tengd henni ríkulega tilfinningalega. Hagsmunir barnanna séu því þeir að henni verði einni falin forsjá þeirra allra. Aðstæður sýni að stefndu sé betur treystandi til að stuðla að eðlilegum samvistum barnanna við stefnanda. Augljóst sé að stefnandi hafi brotið alvarlega gegn hagsmunum stefndu og barnanna. Stefnda telur ólíklegt að stefnandi breyti afstöðu sinni hvað þetta varðar eða sýni skilning á þörfum barnanna fyrir báða foreldra, heldur sé hann líklegur til hindra á ólögmætan hátt eðlileg samskipti. Ofbeldi stefnanda og tillitsleysi í garð stefndu og barnanna hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir samband móður og barna og elstu systur þeirra, D, sem ekki sjái fyrir endann á. Líta verði mjög alvarlegum augum á afstöðu og framkomu stefnanda, en afleiðingarnar séu stórfelldar og jafnvel óafturkræfar fyrir eðlilegan þroska og andlega heilsu og öryggi yngsta barnsins, C. Vitað sé að tengslarof aðalumönnunaraðila við ungt barn geti haft mjög víðtækar afleiðingar fyrir barnið. Mikilvægt sé því að stefnda fái forsjá allra barnanna.

Varðandi umgengni krefst stefnda þess, verði stefnanda falin forsjáin, að dómur kveði á um inntak umgengnisréttar við það foreldri sem ekki fær forsjána, skv. 4. mgr. 34. gr. barnalaga. Við aðalmeðferð málsins gerði lögmaður stefndu kröfu um „ríka umgengni“ stefndu við börnin verði stefnanda falin forsjá barnanna og lýsti lögmaðurinn því yfir að slík krafa taki til þess að umgengni stefndu við C verði viku í senn, aðra hverja viku.

Stefnda krefst einfalds meðlags með börnunum frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs þeirra.

Um lagarök fyrir kröfu stefndu er vísað til 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 og jafnframt til VI. kafla laganna.

Til grundvallar kröfu stefndu um málskostnað úr hendi stefnanda er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnda sé ekki virðisaukaskattsskyld.

VI.

Í máli þessu deila aðilar um forsjá þriggja barna sinna, A, B og C. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 skal dómari kveða á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði, eftir því sem barni er fyrir bestu. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að barnalögum kemur fram að við ákvörðun um forsjá barns verði einkum að líta til tengsla barns við hvort foreldri um sig, daglegrar umönnunar og umsjár, persónulegra eiginleika og hags hvors foreldra um sig og svo barnsins, óska barnsins sjálfs, kyns og aldurs, systkinahóps, húsnaðismála, liðsinnis vandamanna hvors um sig, breytinga á umhverfi, umgengni barns og forsjárlausss foreldris og hvort um ólögmæta sjálftöku foreldris á barni hafi verið að ræða.

Eins og rakið var hér að framan komst Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur að þeirri niðurstöðu í matsgerð sinni að stefnandi væri hæfur til að fara með forsjá barna aðila og að vafasamt væri að stefnda réði við forsjá barnanna þriggja auk ábyrgðar á dóttur sinni, D, nema til kæmi mikill félagslegur stuðningur. Fyrir dómi sagði matsmaðurinn að afgerandi munur væri á forsjárhæfni aðila og stefnandi væri hæfari en stefnda. Yfirmatsgerð í málinu styður eindregið þessa niðurstöðu og staðfesti Sjöfn Ágústsdóttir sálfræðingur fyrir dómi að stefnandi sé talinn hæfari en stefnda til að fara með forsjá barnanna.

Stefnandi er búsettur með börnin hjá móður sinni, en tvö eldri börnin hafa alist upp að mestu leyti hjá henni frá unga aldri og hafa börnin sterk tengsl við hana. Ekki er annað komið fram en að á heimilinu sé stöðugleiki og reglusemi og að stefnandi hafi öruggar tekjur. Stefnandi skuldar töluvert en er ekki í vanskilum. Við aðalmeðferð málsins kom fram hjá stefnanda og móður hans að ekki séu áform um breytingar á því fyrirkomulagi að stefnandi búi hjá henni með börnin. Móðir stefnanda er öldruð en hún ber aldur sinn vel. Þegar hún kom fyrir dóm greindi hún frá því að heilsa hennar væri góð, hún sé með æðakrampa en hann sé meðhöndlaður með lyfjum.

Stefnda hefur frá sambandsslitum við stefnanda nokkrum sinnum skipt um húsnæði, en frá því í desember 2008 hefur hún búið í leiguhúsnæði á [...] í barnvænu og rólegu umhverfi. Stefnanda hefur greint frá því að hún njóti liðsinnis vandamanna sinna, sérstaklega móðursystur og manns hennar, sem búi á [...]. Einnig njóti hún liðsinnis móður sinnar og föður, sem búi í [...] og systur sinnar á [...]. Stefnanda hefur verið stopult í vinnu og fjárhagsleg staða hennar er ekki góð. Stefnanda hefur leitað stuðnings hjá Félagsþjónustu [...], bæði vegna fjármála sinna og sjálfrar sín. Vitnið Sólrún Ósk Lárusdóttir, starfsmaður félagsþjónustu [...], kom fyrir dóm og greindi frá því að stefnda væri í betra jafnvægi nú en þegar hún leitaði sér fyrst aðstoðar þar og verður að virða stefndu þetta til góða. Vitnið Anný Ingimarsdóttir, sem einnig er starfsmaður félagsþjónustunnar, sagði hins vegar að það yrði stórt stökk fyrir stefndu að fá forsjá þriggja barna til viðbótar við D og að stefnda væri ekki í stakk búin til þess eins og er. Stefnanda ætti hins vegar að ráða við að hafa C.

Matsgerðum ber saman um að tengsl B við stefnanda séu meiri en við stefndu. Vilji B er skýr með það að hann vilji búa hjá stefnanda og föðurömmu sinni. Þá eru óskir A mjög ótvíræðar um að hún vilji búa hjá stefnanda og föðurömmu. Í undirmati segir að hvað C varðar hafi matsmaður ekki forsendur til að greina á milli tengsla barnsins við foreldra. Hins vegar hefur komið fram í málinu að þegar C var spurður af yfirmatsmönnum á heimili stefnanda: „Hvar er mamma?“ hafi hann bent á ömmu sína og þegar hann var spurður á heimili stefndu hafi hann ekki bent á hana heldur í burtu. Föðuramman hefur greint frá því að barnið kalli hana ýmist ömmu eða mömmu, en hún leiðrétti barnið þegar hann kalli hana mömmu.

Það er niðurstaða yfirmatsmanna að stefnandi hafi betra innsæi í þarfir barnanna. Stefnandi hefur lagt sig fram við að sinna ýmsum sérþörfum barnanna og áhugamálum þeirra. Fram hefur komið að hann hefur ekki látið lyf fylgja með B þegar hann hefur farið í umgengni til móður og er ástæða til að átelja það. Stefnandi fór í áfengismeðferð í maí 2007 og hefur sótt AA-fundi. Í yfirmatsgerð segir, vegna ásakana stefndu, um áfengisvanda stefnanda, að ef stefnandi hafi átt

við langvarandi drykkjuvandamál að stríða yrði þess vart á ýmsum mikilvægum sviðum í lífi fjölskyldunnar en svo sé ekki. Stefnandi greindi frá því við aðalmeðferð málsins að hann hefði eitt sinn drukkið áfengi í janúar sl., þegar upp kom ágreiningur um umgengnistálmanir, og er það visst áhyggjuefni. Um eitt tilvik hafi hins vegar verið að ræða og er því engin ástæða til að láta það ráða úrslitum um niðurstöðu hér.

Yfirmatsmenn telja hins vegar að það vanti upp á hjá stefndu að hún horfi á málin út frá þörfum og hagsmunum barnanna og virðist frekar sjá hlutina út frá sínum þörfum og löngunum. Þá benda niðurstöður til þess að stefnda eigi mun erfiðara en stefnandi með að standa undir ábyrgðinni sem fylgir foreldrahlutverkinu og finni fyrir vanmætti sínum.

Í máli þessu verður enn fremur að horfa til þess að ef stefndu verður falin forsjá barnanna myndi það hafa miklar breytingar í för með sér fyrir þau. Þannig þyrftu þau að flytja af því heimili sem þau hafa nánast alist upp á, alla vega eldri börnin tvö, og þau þyrftu að aðlagast nýjum skóla, tómsundum og vinum. Væri þetta sérstaklega erfitt fyrir B sem hefur verið greindur með ýmis vandamál. Bæði undirmatsmaður og yfirmatsmenn telja óæskilegt að börnin verði aðskilin og kemur það því að mati dómsins ekki til álita.

Stefnda hefur borið stefnanda sökum um langvarandi ofbeldi og kynferðislega misnotkun gagnvart D. Þá hefur stefnda, eftir að mál þetta var höfðað, sakað hann um að beita börnin ofbeldi og að hafa áreitt A kynferðislega. Í viðtali við A í Barnahúsi greindi hún frá því að enginn hefði áreitt hana kynferðislega og sagði hún að móðir hennar segði ósatt. Í viðtölum við yfirmatsmenn ítrekuðu börnin að þau hefðu ekki orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Eru ávirðingar stefndu ósannaðar og geta þær ekki ráðið niðurstöðu í máli þessu.

Þá eru orð gegn orði um að stefnandi hafi undir rekstri máls þessa hamlað umgengni stefndu við börnin. Þvert á móti verður ekki annað séð af aðfararmáli sem stefnandi höfðaði á hendur stefndu um afhendingu barnanna í janúar sl. en að stefnda hafi ekki virt samkomulag aðila sem gert var fyrir dómi. Upplýst hefur verið í málinu að það hafi valdið börnunum miklu uppnámi að hafa ekki verið skilað til stefnanda á réttum tíma og að þau hafi verið treg eftir þetta til að fara til stefndu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið hnígur allt að þeirri niðurstöðu að það sé börnunum fyrir bestu að stefnandi fari með forsjá þeirra.

Báðir aðilar krefjast þess að kveðið verði á um umgengnisrétt, sbr. 4. mgr. 34. gr. barnalaga. Með hliðsjón af búsetu aðila í sitt hvoru sveitarfélaginu skulu reglulegar samvistir stefndu við A og B vera frá því eftir skóla á föstudegi til sunnudags kl. 19.00 aðra hverja helgi. Samvistir stefndu við C hafa verið þannig að hann dvelur aðra hverja viku hjá stefndu frá föstudegi til föstudags kl. 14.00. Fram kom fyrir dómi hjá yfirmatsmönnum að þetta fyrirkomulag með C hafi reynst vel, en þetta fyrirkomulag geti hins vegar tæplega gengið þegar barnið fer í grunnskóla að óbreyttum aðstæðum. Þar sem það þykir ekki fara gegn hagsmunum barnsins, a.m.k. að svo komnu máli, þykir rétt að umgengni verði áfram þannig háttáð.

Að sumri dvelji börnin hjá stefndu í fjórar vikur samkvæmt nánara samkomulagi sem aðilar skulu gera fyrir 1. maí ár hvert. Á meðan vikur regluleg umgengni.

Um jól og áramót skulu samvistir verða með sama hætti og kveðið er á um í sátt sem aðilar gerðu 17. desember 2008. Þannig skulu börnin dvelja hjá stefndu frá 18. desember til 25. desember og hjá stefnanda frá og með hádegi 25. desember til hádegis á nýársdag, fyrst árið 2009 og svo öfugt til skiptis hvert ár. Þá skulu börnin dvelja hjá stefndu um páska annað hvert ár, frá síðdegi miðvikudags fyrir skírdag og til kvölds annars í páskum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af niðurstöðu dómsins og með vísan til 4. mgr. 34. gr., sbr. 53. og 54. gr., barnalaga verður stefnda dæmd til að greiða einfalt meðlag með börnunum eins og það er ákveðið á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. 2. mgr. 55. gr. barnalaga, frá uppkvaðningu dóms þessa að telja og til 18 ára aldurs þeirra.

Með hliðsjón af hagsmunum barnanna þykir rétt að áfrýjun dóms þessa fresti ekki réttaráhrifum hans, sbr. 1. mgr. 44. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn vegna reksturs málsins fyrir héraðsdómi og því greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans úr ríkissjóði. Mál þetta hefur tekið langan tíma og orðið umfangsmikið. Samkvæmt tímaskýrslu lögmanns hafa 148 vinnustundir farið í málið og aðfararmál sem rekin voru í tengslum við það. Einnig var í málinu lögð fram beiðni um bráðabirgðaforsjá sem svo var dregin til baka eftir að aðilar gerðu samkomulag um forsjá og umgengni. Þá var undir rekstri málsins önnur beiðni um bráðabirgðaforsjá lögð fram sem svo var afturkölluð þegar aðalmeðferð var ákveðin, en þegar á reyndi frestaðist hún af ástæðum sem varða stefndu. Með hliðsjón af öllu þessu þykir málflutningsþóknun lögmanns stefnanda hæfilega ákveðin 2.000.000 króna og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefndu hefur einnig verið veitt gjafsókn í málinu og greiðist gjafsóknar kostnaður hennar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar. Með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, M, skal fara með forsjá A, B og C, barna hans og stefndu, K.

Stefnda greiði einfalt meðlag með hverju barni um sig frá uppkvaðningu dóms þessa að telja til 18 ára aldurs þeirra.

Stefnda hefur umgengnisrétt við börnin sem hér segir:

Regluleg umgengni við A og B verði aðra hverja viku frá því eftir skóla á föstudegi til sunnudags kl. 17.00 aðra hverja helgi. Samvistir stefndu við C skulu vera þannig að hann dvelji aðra hverja viku hjá stefndu frá föstudegi til föstudags kl. 14.00.

Að sumri dvelji börnin hjá stefndu í fjórar vikur samkvæmt nánara samkomulagi sem aðilar skulu gera fyrir 1. maí ár hvert. Á meðan vikur regluleg umgengni.

Um jól og áramót skulu samvistir verða þannig að börnin dvelji hjá stefndu frá 18. desember til 25. desember og hjá stefnanda frá og með hádegi 25. desember til hádegis á nýársdag, fyrst árið 2009 og svo öfugt til skiptis hvert ár. Þá skulu börnin dvelja hjá stefndu um páska annað hvert ár, frá síðdegi miðvikudags fyrir skírdag og til síðdegis annars í páskum, fyrst árið 2010. Beri umgengni um páska upp á sama tíma og regluleg umgengni skal sú umgengni vikja.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 2.000.000 króna.

Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Helgu Leifsdóttur héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 1.200.000 krónur.

Áfrýjun dómsins frestar ekki réttaráhrifum hans.

Sandra Baldvinsdóttir